



ÁRSSKÝRSLA 2022-2023

Starfsemi stjórnar

Á síðasta aðalfundi KKD. Vestra voru eftirtalin kjörin í stjórn. Neil Shiran Þórisson var kjörinn formaður, Baldur Smári Einarsson, Baldur Ingi Jónasson, Pál Brynjar Pálsson, Guðrún Harpa, Stígur Berg Sophusson varamenn í stjórn voru Þórir Guðmundsson og Jakob Tryggvason

Aðalstjórn fundaði eftir þörfum á tímabilinu. Mál voru einnig unnin í gegnum samfélagsmiðla og tölvupósta líkt og undanfarin ár. Stjórn skipulagði fjáraflanir og hélt utan um rekstur meistaraflokks karla auk samþættingu elstu yngri iðkenda og meistaraflokks karla.

Fjármálin voru tekin föstum tókum þar sem tap hefur verið á rekstri félagsins á undanförunum árum. Samið var við styrktaraðila um að halda áfram stuðningi þrátt fyrir að ljóst væri að félagið myndi minnka umsvif sín og spila í 2. Deild í stað 1. Deild í meistaraflokki karla. Þá var einnig ljóst að ekki yrði grundvöllur fyrir rekstri meistaraflokks kvenna vegna búferlaflutninga hjá leikmönnum liðsins.

Það var og verður gríðarlega mikilvægt að hafa jafn öfluga bakhjarla og raun ber vitni í formi styrktaraðila. Ísafjarðarbær sá sér ekki fært að klára styrkveitingu til félagsins og munaði því um talsvert að fá ekki þá fjármuni inn í reksturinn til að greiða niður skuldir, hins vegar voru fyrirtækin reiðubúin að aðstoða félagið á þessari ögurstundu. Það má því segja að flestir styrktaraðila héldu áfram að styðja við félagið á þessum erfiðu tímum.

Stjórn ræddi um stefnu félagsins og ljóst er að það var ekkert fjárhagslegt svigrúm til þess að ráða atvinnumenn og hálfatvinnumenn til þess að styrkja leikmannahópa til að vera samkeppnisfær í efri deildum karla og kvenna. Lagt var upp með að byggja upp lið meistaraflokka með uppöldum leikmönnum og styðja við leikmannahópi með atvinnumönnum ef fjárhagur leyfir.

Neil Shiran Þórisson

Formaður

KKD Vestra

Meistaraflokkur Karla

Leikmannahópur meistaraflokks taldi að jafnaði 10-12 leikmenn. Liðið æfði eins og áður á Torfnesi og í Bolungavík. Pétur Már Sigurðsson var þjálfari liðsins.

Liðið var í öðru sæti í annarri deild og tapaði í undanúrslitaviðureign á móti Snæfelli.

Eftirtaldir voru í meistaraflokkshópnum á tímabilinu 2022-2023.

- Blessed Parilla
- Krzystof Duda
- James Parilla
- Gunnlaugur Gunnlaugsson
- Elmar Baldursson
- Birgir Örn Birgisson
- Baldur Ingi Jónasson
- Stígur Berg Sophusson
- Magnús Birgison sem lék einnig með 11. flokki
- Hjálmar Helgi Jakobsson sem lék einnig með 11. flokki
- Sigurður Darri Pétursson sem lék einnig með 11. flokki
- Jón Gunnar Shiransson sem lék einnig með 11. Flokki
- Marko Jurica

Eftir áramót bættust við atvinnumennirnir frá Janúar 2023 til Mars loka 2023

- Luka Kraljic
- Jonathan Braeger

Leikmönnum og þjálfurum eru færðar þakkir fyrir þeirra framlag á árinu.

Yngri flokkar kkd. Vestra

Stjórn BUR fyrir tímabilið 2022-2023 skipuðu Þórir Guðmundsson, formaður, Guðfinna Hreiðarsdóttir, gjaldkeri, Heiðrún Tryggvadóttir, Halldór Karl Valsson, Guðrún Kristín Bjarnadóttir, Hjördís Ósk Harðardóttir, Indiana Einarsdóttir, Ásta María Sverrisdóttir, Magdalena Margrét Sigurðardóttir og Hanna Mjöll Ólafsdóttir.

Æfingahópar yngri flokka kkd. Vestra

Tímabilið hófst með bjartsýnina að leiðarljósi. Við vorum með 12 æfingahópa skráða til leiks í byrjun tímabilsins. Þegar líða tók á tímabilið hættum við með Krílakörfuna vegna mjög dræmrar mætingar.

Eftirfarandi æfingahópar voru í vetur.

- Krílakarfan (f. 2017-2018), þjálfari var Allyson Sawyer og æfðu þau einu sinni í viku.
- 1.-2. Bekkur (f. 2015-2016), þjálfari var Allyson Sawyer og æfðu þau tvisvar sinnum í viku.
- 3.-4. Bekkur (f. 2013-2014), þjálfari var Allyson Sawyer og æfðu þau tvisvar sinnum í viku.
- Minnibolti drengja (f. 2011 – 2012) þjálfarar voru Allyson Sawyer og Elmar Breki Baldursson og æfðu þeir þrisvar sinnum í viku.
- Minnibolti stúlkna (f. 2011-2012), þjálfarar voru Allyson Sawyer og Elmar Breki Baldursson og æfðu þær þrisvar sinnum í viku.
- 7. flokkur stúlkna (f. 2010), þjálfarar voru Allyson Sawyer og Elmar Breki Baldursson og æfðu þær fjórum sinnum í viku.
- 7. flokkur drengja (f. 2010), þjálfari var Marko Jurica og æfðu þeir fjórum sinnum í viku. Marko lét af störfum eftir rúman mánuð og tók Baldur Ingi Jónasson og Shiran Þórisson við. Síðar kom Jonathan Paul Braeger til Vestra og tók við þjálfun hópsins. Birgir Örn Birgisson kláraði svo tímabilið með drengina.
- 8. flokkur stúlkna (f. 2009), þjálfari var Gunnlaugur Gunnlaugsson og æfðu þær fjórum sinnum í viku.
- 9. flokkur stúlkna (f. 2008), þjálfari var Gunnlaugur Gunnlaugsson og æfðu þær fjórum sinnum í viku.
- 9. flokkur drengja (f. 2008), þjálfari var Marko Jurica og æfðu þeir fjórum sinnum í viku. Birgir Örn Birgisson tók svo við þjálfun flokksins þegar Marko lét af störfum.
- 10. flokkur stúlkna (f. 2007), þjálfari var Gunnlaugur Gunnlaugsson og æfðu þær fimm sinnum í viku.
- 11. flokkur drengja (f. 2006 - 2007), þjálfari var Birgir Örn Birgisson og æfðu þeir fimm sinnum í viku.

Níu lið tóku þátt í Íslandsmóti í vetur og spiluðu okkar iðkendur 151 leik í Íslandsmóti.

Við héldum fjölliðamót fyrir 7. flokk drengja í upphafi tímabils og svo fyrir 7. flokk stúlkna í mars. Við spiluðum samtals 53 heimaleiki og þar af voru 9 í Bolungarvík, 2 á Þingeyri og 42 á Ísafirði.

Iðkendur okkar í 1. – 4. bekk tóku þátt í einu móti í vetur en það var Nettó mótið sem haldið er í Keflavík og Njarðvík.

Við tókum eftir örlítilli fækkun í æfingahópum okkar sem er ekki gott mál. Við sjáum þó fram á að það lagist þar sem stærsti æfingahópurinn okkar eru krakkar í 1. og 2. bekk og bindum við vonir við að þeim fjölgi enn meira í yngstu hópunum okkar á næsta tímabili.

Í sumar auglýstum við eftir yfirþjálfara fyrir starfið okkar. Ein umsókn barst um starfið og var það Allyson Caggio sem sótti um starfið. Hún var ráðin til eins árs. Allyson sá um allt utanumhald um

Yngri flokka starfið okkar ásamt því að þjálfa okkar yngstu iðkendur. Samstarfið gekk vonum framár og var farið í það að endursemjja við hana í febrúar. Allyson skrifaði undir samning til næstu tveggja ára og erum við gríðarlega ánægð með það og bindum miklar vonir við að samstarfið muni ganga vel áfram.

Handbók yngri flokka körfuknattleiksdeildar Vestra er í smíðum og bindum við vonir við að hún verði tilbúin fyrir næsta tímabil. Handbókin mun vera leiðarvísir deildarinnar í þjálfun iðkenda okkar og að öllu starfinu.

Fjáraflanir og styrkir

BUR hefur undanfarin ár mannað sjoppu á heimaleikjum meistaraflokks og var engin breyting þar á í vetur. Farið var í sölu á eggjum í tvígang og seldum við kjöt frá B. Jensen á Akureyri. Þessar fjáraflanir lukkuðust vel. Allur ágóði fór í ferðasjóð iðkenda okkar. Í ferðasjóðinn kom einnig árlegt framlag frá ferðasjóði ÍSÍ. BUR niðurgreiddi hverja ferð um 5.000 kr fyrir hvern iðkanda þetta tímabilið.

Körfuboltaþúðir Vestra voru á dagskrá í júní 2022 og lukkuðust vel. Þær færa ávallt barna- og unglíngastarfinu töluverðan ágóða og nýtist það vel í rekstur deildarinnar. Nú er undirbúningur í fullum gangi fyrir körfuboltaþúðir Vestra sem áætlað er að verði haldnar 6. – 11. júní n.k. Við höfum reglulega sótt um styrki úr ýmsum áttum. Íþróttasjóður og styrktarsjóður UMFÍ eru sjóðir sem við höfum reglulega fengið úthlutað úr. Einnig fengum við styrk frá Orkubúi Vestfjarða til búnaðarkaupa. Við fengum styrki úr ýmsum öðrum áttum. Við erum gríðarlega þakklát fyrir þann stuðning sem við höfum fundið fyrir.

Á skírdag héldum við kökubasar og vorum með opið kaffihús í íþróttarhúsinu á Torfnesi þegar páskaeggjamót Vestra var haldið.

Að lokum

Nú er körfuknattleikstímabilið senn á enda. Þetta tímabil gekk vel að mestu leyti og var gríðarlega mikill munur að hafa ráðið Allyson Caggio til starfa. Ég bind miklar vonir við að iðkendur okkar njóti sannarlega góðs af því að vera undir handleiðslu hennar. Einnig tel ég að með komu handbókarinnar til viðbótar við hennar starf muni faglegt starf deildarinnar aukast til muna. Næsta tímabil verður skemmtilegt og er undirbúningur fyrir það þegar hafinn. Ég vill þakka stjórn Barna- og unglíngaráðs fyrir samstarfið á liðnu tímabili. Einnig vil ég þakka foreldrum fyrir að mestu leyti ánægjuleg samskipti og vilja til að vinna vel að starfinu okkar.

Þórir Guðmundsson,

Formaður barna- og unglíngaráðs kkd. Vestra